



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 25. ágúst 2019

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara
----------------------------------------------------------------------------------------------

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 8. ágúst sl., samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót annars vegar og reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara hins vegar.

Breytingartillögur á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem samþykktar voru af stjórn KSÍ, voru unnar af mótanefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á grein **18.2.** og ný ákvæði **20.4.** og **21.5.**

Breytingartillögur á reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara, sem samþykktar voru af stjórn KSÍ, voru unnar af fræðslunefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á greinum **1, 2, 5** og **7.**

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

---

### **REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót**

18.gr.

*Knattspyrnuvellir*

#### Fyrir samþykktar breytingar:

- 18.2 Félög skulu tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvalla sinna fyrir 20. janúar ár hvert. Uppfylli leikvöllur félags ekki kröfur um lágmarksstærð skal umsókn þess um þátttöku í mótum á vegum KSÍ hafnað. KSÍ skal gera grein fyrir leikvöllum félaganna á heimasíðu KSÍ undir félagatali.

#### Eftir samþykktar breytingar:

- 18.2. Félög skulu tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvallar sem félagið hyggst leika á fyrir 10. janúar ár hvert og jafnframt leikvallar til vara verði aðalleikvöllur óleikfær. Uppfylli leikvöllur félags ekki kröfur um lágmarksstærð skal umsókn þess um þátttöku í mótum á vegum KSÍ hafnað. KSÍ skal gera grein fyrir leikvöllum félaganna á heimasíðu KSÍ undir félagatali.

---

20. gr.  
*Töfluröð í stigakeppni*

Nýtt ákvæði 20.4:

20.4. Mótanefnd KSÍ er heimilt að styðjast við tölvuforrit við niðurröðun leikja.

---

21. gr.  
*Stigakeppni*

Nýtt ákvæði 21.5:

21.5. Ef lið eru jöfn að stigum í úrslitakeppni 4., 5. og 6. aldursflokks, þar sem leikið er í riðlum, telja ekki mörk viðkomandi liða í leikjum gegn neðsta liði viðkomandi riðils.

---

**Samantekt**

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á grein 18.2. í reglugerð KSÍ knattspyrnumót. Nú er í ákvæðinu kveðið svo á um að félög skuli tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvalla sinna fyrir 10. janúar ár hvert í stað 20. janúar. Þá kveður svo á um í ákvæðinu að félög skuli einnig tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvallar til vara verði aðalleikvöllur óleikfær.

Í öðru lagi er um að ræða nýtt ákvæði 20.4. og snýr það að töfluröð í stigakeppni. Ákvæðið er heimildarákvæði en það kveður svo á um að mótanefnd KSÍ sé heimilt að styðjast við tölvuforrit við niðurröðun leikja.

Í þriðja lagi er um að ræða nýtt ákvæði 21.5. og snýr það að stigakeppni í úrslitakeppni 4., 5. og 6. aldursflokks þar sem leikið er í riðlum. Nánar segir í ákvæðinu að ef lið eru jöfn að stigum í úrslitakeppni nefndra aldursflokka, þar sem leikið er í riðlum, telja ekki mörk viðkomandi liða í leikjum gegn neðsta liði viðkomandi riðils.

---

## REGLUGERÐ KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara

1. gr.

*Almenn ákvæði*

Ný ákvæði 1.3., 1.4. og 1.5.:

- 1.3. Skilgreining á hlutverki yfirþjálfari: Yfirþjálfari hefur yfirumsjón með yngri flokka starfi og þjálfurum yngri flokka félagsins. Hann er ábyrgur fyrir knattspyrnulegri stjórnun yngri flokka og ber faglega ábyrgð á þjálfun barna og unglinga hjá sínu félagi.
- 1.4. Lágmarks aldur þjálfara sem hefja nám á námskeiðum KSÍ skal vera 15. aldursár.
- 1.5. Almennt skal líða a.m.k. eitt ár frá útskrift þjálfara með KSÍ B þjálfararéttindi og þangað til þeir geta sótt um inngöngu á KSÍ VI þjálfaranámskeið. Þjálfarar sem hafa leikið a.m.k. 10 A landsleiki fyrir sína þjóð geta sótt um inngöngu á KSÍ VI þjálfaranámskeið um leið og þeir ljúka KSÍ B þjálfaragráðu.

2.gr.

*Menntunarkröfur*

Fyrir samþykktar breytingar:

- 2.1. Félög skulu gera kröfur til þjálfara sinna um menntun samkvæmt eftirfarandi:

Þjálfun	Aðalþjálfari	Aðstoðarþjálfari	Markmannsþjálfari
Efsta deild karla, 1. deild karla og efsta deild kvenna	UEFA Pro gráða eða KSÍ A gráða	KSÍ B gráða	Markmannsþjálfaragráða KSÍ
2. deild karla, 3. deild karla, 4. deild karla, 1. deild kvenna og 2. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ V námskeið að auki	KSÍ B gráða	Markmannsþjálfaragráða KSÍ eða KSÍ B gráða
Yfirþjálfari unglिंगastarfs	KSÍ A gráða		
3. og 4. flokkur	KSÍ B gráða	KSÍ II	KSÍ II
5. 6. 7. og 8. flokkur og flokkar þar sem eingöngu er keppni í 7 eða 5 manna liðum	KSÍ II	KSÍ I	KSÍ I

Eftir samþykktar breytingar:

2.1. Félög skulu gera kröfur til þjálfara sinna um menntun samkvæmt eftirfarandi:

<b>Þjálfun</b>	<b>Aðalþjálfari</b>	<b>Aðstoðarþjálfari</b>	<b>Markmannsþjálfari</b>
Efsta deild karla, 1. deild karla, 2. deild karla, efsta deild kvenna og 1. deild kvenna	UEFA Pro gráða eða KSÍ A gráða	KSÍ B gráða og KSÍ V námskeið að auki	KSÍ (UEFA) A Markmannsþjálfaragráða eða KSÍ Markmannsþjálfaragráða
3. deild karla, 4. deild karla, 2. deild kvenna og 2. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ V námskeið að auki	KSÍ B gráða	KSÍ Markmannsþjálfaragráða eða KSÍ B gráða
Yfirþjálfari yngri flokka	KSÍ Afreksþjálfun unglunga		
3. og 4. flokkur	KSÍ B gráða og KSÍ V námskeið að auki	KSÍ II	KSÍ B gráða
Yfirþjálfari í 5., 6., 7. og 8. flokki	KSÍ B gráða		
5. 6. 7. og 8. flokkur og flokkar þar sem eingöngu er keppni í 7 eða 5 manna liðum	KSÍ B gráða	KSÍ II	KSÍ III

---

5.gr.

*Mat réttinda*

*Fyrir samþykktar breytingar:*

- 5.1. Fræðslunefnd KSÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita og hvaða réttindi útlendingar hafa til þjálfunar á Íslandi.
- 5.2. Fræðslunefnd KSÍ getur veitt I.-II. stigs þjálfararéttindi þeim sem hafa knattspyrnuferil að baki.

*Eftir samþykktar breytingar:*

- 5.1. Fræðslunefnd KSÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita og hvaða réttindi þjálfarar sem sótt hafa þjálfaranám erlendis hafa til þjálfunar á Íslandi.

---

7.gr.

*Gildistaka*

*Fyrir samþykktar breytingar:*

- 7.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi nema grein 2.1. sem tekur gildi þann 1. nóvember 2010 en þar til gildir grein 2.1. í reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara er samþykkt var af stjórn 23. apríl 2007.

Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara.

### Eftir samþykktar breytingar:

- 7.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. grein laga KSÍ og var samþykkt af stjórn KSÍ 8. ágúst 2019.

---

### Samantekt

Eins og fyrr segir, hafa framangreindar breytingar verið unnar og lagðar til af fræðslunefnd KSÍ. Í fyrsta lagi er um að ræða ný ákvæði 1.3., 1.4. og 1.5. Í grein 1.3. er hlutverk yfirþjálfara skilgreint. Samkvæmt skilgreiningunni hefur yfirþjálfari umsjón með yngri flokka starfi og sömuleiðis þjálfurum yngri flokka félagsins. Hann skal vera ábyrgur fyrir knattspyrnulegri stjórnun yngri flokka og ber faglega ábyrgð á þjálfun barna og unglinga hjá sínu félagi. Í grein 1.4. er það viðmið sett að lágmarksaldur þjálfara sem hefja nám á þjálfaranámskeiðum KSÍ sé 15. aldursárs. Um að ræða sama aldursviðmið og kveðið er á um reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn til þess að hljóta réttindi sem unglingadómari. Loks hefur með nýrri grein 1.5. verið sett það viðmið að a.m.k. skuli liða eitt ár frá útskrift þjálfara með KSÍ B þjálfararéttindi og þangað til þeir geta sótt um inngöngu á KSÍ VI þjálfaranámskeið. Samkvæmt ákvæðinu skal undantekning gilda um þjálfara sem leikið hafa a.m.k. 10 A landsleiki fyrir sína þjóð, en þeir sem það á við geta sótt um inngöngu á KSÍ VI þjálfaranámskeið um leið og þeir ljúka KSÍ B þjálfaragráðu.

Í öðru lagi er um að ræða breytingar á grein 2.1. og varða kröfur sem félög skulu gera til menntunar þjálfara sinna. Helstu breytingar sem orðið hafa eru eftirfarandi:

- Gerð er krafa um, líkt fyrir er í efstu deild karla og kvenna og 1. deild karla, að aðalþjálfarar í 2. deild karla og 1. deild kvenna skuli a.m.k. hafa UEFA Pro gráðu eða KSÍ A gráðu.
- Gerð er krafa um að aðstoðarþjálfarar í efstu deild karla, 1. deild karla, 2. deild karla, efstu deild kvenna og 1. deild kvenna skuli a.m.k. hafa KSÍ B gráðu og KSÍ V námskeið að auki.
- Gerð er krafa um að markmannsþjálfarar í efstu deild karla, 1. deild karla, 2. deild karla, efstu deild kvenna og 1. deild kvenna skuli a.m.k. hafa KSÍ (UEFA) A Markmannsþjálfaragráðu eða KSÍ Markmannsþjálfaragráðu.
- Gerð er krafa um að yfirþjálfari yngri flokka skuli a.m.k. hafa KSÍ Afreksþjálfun unglinga gráðu (UEFA Elite Youth A) .
- Gerð er krafa um að aðalþjálfari í 3. og 4. aldursflokki skuli a.m.k. hafa KSÍ B gráðu og KSÍ V námskeið að auki. Þá skuli markmannsþjálfari í sömu aldursflokki a.m.k. hafa KSÍ B gráðu.
- Gerð er krafa um að yfirþjálfari aldursflokka 5, 6, 7 og 8 skuli a.m.k. hafa KSÍ B gráðu.
- Gerð er krafa um að aðalþjálfarar í 5., 6., 7. og 8. aldursflokki skuli a.m.k. hafa KSÍ B gráðu. Þá skuli aðstoðarþjálfarar í sömu aldursflokki a.m.k. hafa KSÍ II gráðu og markmannsþjálfarar KSÍ III gráðu.

Í þriðja lagi hafa lítilsháttar breytingar verið gerðar á grein 5 og 7 í reglugerðinni. Fellt hefur verið út heimildarákvæði 5.2. sem kvað á um að fræðslunefnd hefði þá heimild að veita I og II stigs þjálfarréttindi þeim sem hafa knattspyrnuferil að baki. Aðrar breytingar snúa að betrubótum á orðalagi og uppfærða tilvísun til laga KSÍ.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,  
lögfræðingur hjá KSÍ.